

Lauf Forks hf.
Grandagarður 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2022
UST202204-185/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til drónaflugs og starfsemi á friðlýstum svæðum - hjólreiðakeppni - Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Lauf Forks hf., dagsett 24. apríl 2022, um leyfi til að halda hjólreiðakeppni innan Friðlandsins að Fjallabaki og fljúga dróna innan svæðisins.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins eru athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða hjólreiðaviðburð sem verður haldin þann 23. júlí 2022 Keppnin hefst og lýkur á Hvolsvelli. Hluti leiðarinnar mun fara í gegnum Friðlandið að Fjallabaki. Tengill yfir á kort sem sýnir hjólaleiðina fylgdi með umsókn. Hjólað verður eftir vegum á svæðinu og verða settar upp veifur meðfram vegum til að afmarka leiðina. Sótt er um leyfi til að fá að setja upp drykkjarstöð innan friðlandsins. Yrði hún staðsett á áreyrum/bakka vestan við vaðið yfir Rauðufossakvísl. Drykkjarstöðin er merkt inn á kortið sem sýnir keppnisleiðina. Gert er ráð fyrir að um 800 manns fari í gegnum stöðina. Á drykkjarstöðinni verða 4 starfsmenn með 3x3 metra stórt tjald, eitt borð (80x120cm) og fjóra stóla. Starfsmenn munu vera á einum bíl sem verður lagt við stöðina. Ráðgert er að þáttakendur fari í gegnum drykkjastöðina á 12 klukkutíma tímabili. Þáttakendur munu verða upplýstir um umgengnisreglur á svæðinu og skrifa undir samþykki þess efnis. Ráðgert er að fljúga dróna til að mynda keppnina. Flogið yrði yfir veginum og ca 500 metra sitthvoru megin við hann.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umræddan viðburð ekki líklegan til að valda neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Til skamms tíma mun viðburðurinn valda truflun fyrir umferð á vegum.

Umhverfisstofnun bendir á að fjöldi þátttakenda fer fjölgandi milli ár og eru talsvert fleiri en árið 2020, en áætlað er að þáttakendum muni fjölga um 100 manns. Mikilvægt er að skipulag

varðandi umgengni á svæðinu sé gott og að allir þátttakendur séu upplýstir um reglur sem gilda í friðlandinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Lauf Forks hf fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi og að halda hjólreiðakeppni innan Friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan þann 23. júlí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur hjólreiðarkeppninar skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Hafa skal þetta leyfi með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis, með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Auglýsa skal hjólreiðakeppnina vel og upplýsa gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða í friðlandinu á meðan á hjólreiðakeppninni stendur.
- Stjórnendur og starfsmenn hjólreiðakeppninnar skulu vera í merktum fatnaði.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Nákvæm staðsetning drykkjarstöðvar og salernisaðstöðu skal valin í samráði við Umhverfisstofnun. Skal aðstaðan vera vel afmörkuð til að takmarka stærð þess svæðis sem verður fyrir raski.
- Losun ferðsalerna fari fram á viðurkenndum losunarstað utan friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágangi svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hjólaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hjólaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf, raska gróðri og jarðminjum.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Óheimilt er að hjóla utan vega.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins .
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hjólaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.

- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi vegagerðarinnar gæti þurft fyrir keppninni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 90. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðar það mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef: a. hann framkvæmir eða aðhefst í heimildarleysi nokkuð það sem leyfis eða undanþágu er krafist til samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra, b. hann brýtur ákvæði ... » 1. mgr. 28. gr., 31. gr., 4. mgr. 38. gr., 62. gr., 71. gr. eða 72. gr. eða stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri